

Höfum aðgang að sérfræðingum helstu flugþjóða

- Ásgeir Pálsson var í tuttugu ár samfleytt í forsæti stýrihóps um flug um Norður-Atlantshaf
- Leiðandi í heiminum í innleiðingu nýrrar tækni ● Mikilvæg starfsemi fyrir samfélagið hér

VIÐTAL

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is



„Ég hef lært heilmikið af þessu. Það eru forréttindi að hafa aðgang að helstu flugþjóðum heims og bestu sérfræðingum á þessu sviði. Til að halda stöðu okkar er mikilvægt að taka virkan þátt í samstarfi af þessu tagi,“ segir Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri flugleiðsöguviðs Isavia, en hann hefur nú látið af störfum sem formaður stýrihóps Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar sem setur reglur um flug og heldur utan um tækniþróun flugstjórnarkerfa sem notuð eru til að stýra öllu flugi um Norður-Atlantshaf.

Ásgeir var formaður stýrihópsins NAT SPG í tuttugu ár og þar áður hafði hann stjórnað fundum hópsins í 2-3 ár í forföllum þáverandi formanns. Ásgeir segist hafa sinnt þessu lengi og starfstíma hans hjá Isavia muni ljúka áður en næsta kjörtímabili formanns NAT SPG ljúki. Þess vegna hafi hann viljað hætta núna. Ísland bauð fram Hlín Hólm, deildarstjóra flugleiðsögudeildar Samgöngustofu, til embættis formanns í hans stað og var hún kosin til fjögurra ára. Kosnið var á milli hennar og framþjóðanda Kanada.

Með stórt úthafssvæði

Úthafið er í lögsögu Alþjóðaflugmála- og stjórnað, sem úthlutar ríkjum þeim skyldum að veita flugleiðsöguþjónustu og björgunarþjónustu á ákveðnum svæðum. Viðkomandi ríki tilnefna síðan aðila til að sinna þjónustunni.

Flugstjórnarmíðstöðin í Reykjavík er með eitt af stærstu úthafssvæðunum; 5,4 milljón ferkílómetra svæði um Ísland og Grænland. Um það fóru 196 þúsund flugvélar á síðasta ári en þeim hefur fækkað það sem af er þessu ári, einkum vegna falls WOW air og erfiðleika flugfélaga vegna galla í Boeing Max-vélunum.

Flugið sem fer hér um er mest á milli Evrópu og Ameríku en flug er að aukast á milli Mið-Austurlanda og Norður-Ameríku og Indlands og Pakistans og Norður-




Morgunblaðið/Hari


Alþjóðaflug Ásgeir Pálsson var lengi í forystu fyrir stýrihóp um flug yfir Norður-Atlantshafið. Megináherslan er á öryggi flugsins en gott skipulag og tækni auka einnig hagkvæmni flugsins og draga úr útblæstri.

Umferð um flugstjórnarsvæði Reykjavíkur

Árlegur fjöldi flugvéla í gegnum flugstjórnarsvæðið, þúsundir véla



Flagnir kílómetrar í júní 2019, helstu flugfélög, milljónir km



Stórt svæði Sex flugstjórnarsvæði sem kennd eru við borgir miðstöðvanna eru á Norður-Atlantshafi.

Ameríku. Umfangið er breytilegt frá degi til dags. Því ráða háloftavindar sem færast til og flugið tekur mikið mið af þeim.

Fimm önnur flugstjórnarsvæði eru á Norður-Atlantshafi og eru þau kennd við borgirnar þar sem miðstöðvarnar eru staðsettar:

Bodö í Noregi, Gander í Kanada, New York í Bandaríkjunum, Santa Maria sem tilheyrir Portúgal og er í Asoreyjaklasanum og Shannock í Bretlandi. Auk þess eru aðilar að stýrihópi um flug á Norður-Atlantshafinu, Danmörk fyrir hönd Grænlands, Írland og Frakkland, auk áheyrnarfulltrúa frá ýmsum stofnunum og fagfélögum flugfólks. Svæðið nær frá norðurheimskautinu og suður með ströndum Afríku og að Karíbahafinu í suðri.

Flókið viðfangsefni

Hlutverk stýrihópsins er tvíþætt. Annars vegar ber hann ábyrgð á því að kerfið í Norður-Atlantshafi sé í lagi og hins vegar að fylgjast með tækniþróun og innleiða nýja tækni og vinnuáferðir. Fjöldi undirhópa vinnur að afmörkuðum verkefnum á þessum sviðum. NAT SPG ber síðan ábyrgð gagnvart Alþjóðaflugmála- stofnuninni.

Samspil flugstjórnarmíðstöðva í Evrópu og Norður-Ameríku og síðan einnig í Rússlandi er flókið viðgangsefni. Menningin er misjöfn og vinnuáferðirnar ólíkar. Allt þarf að virka rétt þegar flugvélar fara á milli svæða. Það byggist á því að um borð í vélunum sé búnaður sem samþykktur hefur verið af öllum aðilum.

Eins og gengur í slíku samstarfi geta verið skiptar skoðanir á einstaka efnisatriðum. Ásgeir segir að sá möguleiki sé fyrir hendi að skera úr deilumálum með atkvæðagreiðslum. Hann segist þó hafa lagt áherslu á að leysa úr málum með samkomulagi og aldrei hafi komið til atkvæðagreiðslu um einstök mál í 20 ára formannstíð hans. „Ég er stoltur af því,“ segir hann.

Öryggi og hagkvæmni

NAT SPG hefur verið leiðandi í heiminum í innleiðingu nýrrar tækni í flugleiðsögu, staðsetningu flugvéla og fjarstjórnun. Á tíma Ásgeirs hefur fjöldi tækninýjunga og framfara í vinnubrögðum verið innleiddur sem leitt hefur til öruggari og hagkvæmari flugumferðar.

Þannig hefur tekist að draga mjög úr kröfum um fjarlægð á milli véla. Með því móti komast fleiri vélar í þann feril sem talinn er hagstæðastur fyrir viðkomandi flug. Það dregur úr eldsneytisnotkun og þar með úr útblæstri. „Aðaláherslan hefur ávallt verið á öryggi flugsins. Þar á eftir kemur hagkvæmni í rekstri viðskiptavina okkar, flugfélaganna.“

Skapar gjaldeyri

Alþjóðaflugþjónustan í Reykjavík er mikilvæg starfsemi hér á landi. Stundum hefur komið upp að önnur lönd geta vel hugsað sér að annast þessa þjónustu og hún yrði þá flutt til Bretlands eða Kanada. „Ég segi stundum að þetta sé minnst þekkta útflutningsvinnugreinin okkar,“ segir Ásgeir og leggur áherslu á mikilvægi hennar fyrir samfélagið.

Notendur þjónustunnar, flugfélögin, greiða kostnaðinn. Hann er í ár áætlaður um sjö milljarðar og kemur sú fjárhæð inn í landið sem beinhardtur gjaldeyri. Launin eru stærsti liðurinn en einnig er kostnaður við tækniþróun sem hér er unnin og þjónustu Veðurstofu Íslands við alþjóðaflugið.

Amerísk heimilistæki

White Westinghouse

Þvottavélar og þurrkarar sem taka 10-17 kg

RAFVÖRUR ehf

rafvorur.is

Dalvegi 16c | 201 Kópavogur | Sími 568 6411 | rafvorur@rafvorur.is

ÁSGEIR PÁLSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ ISAVIA

Við flugumferðarstjórn í 44 ár

Ásgeir Pálsson er fæddur í Reykjavík árið 1951 og hóf störf sem flugumferðastjóri hjá Flugmála- og stjórnað 1975. Hann hlaut þjálfun sína í Bandaríkjunum og á Íslandi. Starfaði fyrst í turni og aðflugsstjórn Keflavík-urflugvallar. Árið 1985 tók hann sér árs leyfi frá störfum og gerðist fyrsti framkvæmdastjóri keiluhallarinnar í Óskjuhlíð. Hóf síðan störf í flugstjórnarmíðstöðinni í Reykjavík 1986, var settur yfirflugumferðarstjóri reksturs 1991 og deildarstjóri þjálfunar og skipulags 1992. Ásgeir hefur starfað sem framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustu hjá Isavia og fyrirrenn-urum frá árinu 1995. Hann á sæti í ýmsum alþjóðanefndum vegna starfa sinna og í stjórnnum fyrirtækja.

Foreldrar hans voru Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra og Björg Ásgeirsdóttir. Móðurafi hans var Ásgeir Ásgeirsson, forseti Íslands, og fósturafi Tryggvi Ófeigsson útgerðarmaður.

Ásgeir er í sambúð með Ingibjörgu Bergþórsdóttur. Hann á þrjú upp- komin börn og sex barnabörn.

Starf í flugstjórnarmíðstöð í Reykjavík.